

Guðrún Agnarsdóttir:

Erindi flutt á vorþingi Kvinnalists í Skálholti 25.-26. maí 1991.

Kæru Kvinnalistasakonur,

(Það erindi sem ég hélt á vorþinginu í Skálholti var byggt á minnispunktum og því sem andráin blés í brjóst við flutninginn. Eftirfarandi er því tilraun til að grípa hluta þess sem sagt var og festa eftir minni niður á blað).

Vangaveltur og spurningar.

Mig langar til að ræða við ykkur ýmsar hugsanir sem hafa vaknað með mér undanfarnar vikur og mánuði. Ég hef átt þess kost að vinna með konum í öðrum stjórnmalaflokkum og öðrum kvennasamtökum undanfarið og hef fjarlægst daglega hringiðu þingsstarfanna. Þannig hef ég getað litið á Kvinnalistan úr dálítilli fjarlægð en kom svo aftur til virkra starfa þegar ég var kosningastýra fyrir Reykjavíkurlanga í nýliðnum kosningum.

Fyrst verða á vegi mínum nokkrar spurningar. Hver er kvinnahreyfingin? Hve stór er hún? Við tölum oft um kvinnahreyfinguna og kvinnabaráttuna. Hverjar eru kvinnabaráttukonur? Eru það bara þær sem eru nokkurn veginn eða alveg sammála eða samferða okkur? Getum við þekkt þær af útliti? Mér dettur í hug erindi sem flutt var í útvarpinu á leið minni hingað í morgun. Þar var rætt um margvíslegar kenningar fræðimanna fyrrum þar sem talið var að útlit manna gæti gefið vísbendingar um skapgerð þeirra eða innræti. Menn væru t.d. alvörugefnir kleyfhugar og rengluvaxnir, og glaðlyndir hringhugar og riðvaxnir. Var jafnvel talið að þekkja mætti afbrotamenn af útlitinu einu. Þessar kenningar eru nú úreltar og reyndin mun flóknari en þær gerðu ráð fyrir.

Ég minnst þess frá ferðalögum erlendis, þangað sem ég fór að boða fagnaðarerindið af hálfu Kvinnalists, að líta yfir stóra sali, fulla af konum á öllum aldri. Þetta voru stundum allt að 500 konur og útlit þeirra og framkoma eins og litróf af ýmsum toga, allt frá auðskilgreindum kvinnabaráttukonum sem virtust hafa allt á hreinu að eldri konum í rósóttum kjólum með perlufestar og blómahatt á höfði og angan af heimilisarninum í fasinu. Allar kinkuðu þær þó kalli og tóku kunnuglega undir frásagnir og dæmisögur um reynslu Kvinnalistaskvenna og annarra íslenskra kvenna sem komu greinilega heim og saman við þeirra eigin. Og sú spurning vaknaði í huga mér þar sem ég stóð og leit yfir hópinn: Hver er eiginlega „Kvinnahreyfingin“ og hvað er hún stór? Er ekki hluti af henni í brjóstum okkar allra, misstór eftir aldri og lífsreynslu hverrar konu? Erum við ekki allar á leiðinni, hver með sínum hætti? Söfnum lífsreynslu og kjarki til þess að bregðast við á einhvern hátt til að breyta eigin aðstæðum, jafnvel annarra? Sumum gefst þó aldrei tækifæri til að svara fyrir sig vegna ytri og innri aðstæðna. Hverjar og hvernig vorum við sjálfar rétt áður en við urðum Kvinnalistasakonur? Hvernig hugsuðum við, hvaða barátta átti sér stað í huga okkar og hjarta? Hver var kjarkur okkar og hvernig gáfum við öðrum konum til kynna hvaða skoðanir við höfðum í raun? Viljum við Kvinnalistasakonur verða fleiri eða dugar okkur bara lítill, traustur kjarni sem telur sig skilja um hvað málið snýst? Hinn innsti af öllum hringjum, handtíndur af hreinum meyjum á fullu tungli?

Förum út á akurinn.

Við höfum oft fírást yfir því, Kvinnalistasakonur, að við séum of fáliðaðar. Grasrótin ekki nógu þétt, bakhóparnir of fáir, nýliðun ekki nógu mikil. En hvernig vinnum við sjónarmiðum okkar meira fylgi meðal kvenna? Munum við ná markmiðum okkar með óbreyttum vinnubrögðum?

Getum við ætlað konum að koma til okkar af sjálfsdáðum? Er nóg að leita eftir nýliðum sem síðan eiga að koma til starfa með Kvinnalistanum? Einblínum við of mikið á það að konur komi til okkar?

Við erum staddir í Skálholti sem er trúarlegur staður frá fornu fari og mér kemur í hug það sem sagt var við postulana: Farið og gjörið allar þjóðir að lærisveinum. Tillaga mín er sú að við ætlumst ekki einungis til þess af öðrum konum að þær komi og vinni með okkur, en að við förum og vinnum með þeim. Vinnum á jafningjagrundvelli og kynnum skoðanir okkar, málstað og ekki síst vinnubrögð. Á þann hátt getum við eytt tortryggni í okkar garð og brotið eða lækkað ýmsa þá múra sem standa milli kvenna og hindra okkur í því að standa saman um sjálfsögð réttindamál á árangursríkan hátt.

Ég þykist vita að við séum allar meira og minna virkar í ýmsum félagasamtökum öðrum en Kvinnalistanum þar sem við getum hrist okkur svo að fræin hrynji. Ég er reyndar líka viss um að við erum allar að þessu nú þegar. Málið snýst kannski fremur um það hvort við getum gert þetta markvissar, hver á sinn hátt. Mig langar til þess að biðja ykkur að skrifa niður á blað þau félagasamtök sem þið tilheyrið og fyrst koma í hugann.

Síðan langar mig að segja ykkur frá dæmi um virkni kvenna utan Kvinnalistsans. Ég var beðin að tala á fundi nýlega í samtökum kvenna sem eru virkar í atvinnulífi og hafði litla hugmynd um skoðanir eða afstöðu kvennanna almennt en lagði út frá efninu: Konur og friður. Eftir erindið hófust umræður sem síðan héldu áfram óformlega. Þar komu fram mjög eindregin kvenfrelsisjónarmið og minntist ég þess þegar skýrsla var flutt af alþjóðlegum fundi sömu samtaka á Kvinnalistaráðstefnu nokkrum árum áður. Þá þótti ginnheilagri Kvinnalistasakonu þessi samtök svo lítið erindi eiga á fund Kvinnalistasakvenna að hún varð að leggja út af og jafna sig með hjálp nokkurra úr innsta hringnum. Í þessum samtökum starfar Kvinnalistasakona, Helga Thorberg, sem greinilega hefur náð að hrista sig vel og strá um sig fræjum með góðri hjálp vinkonu sinnar, Henriettu. Hennar framlag á fundinum var bæði létt og skemmtilegt en jafnframt til þess fallið að styrkja veikburða viðleitni, eyða efa um réttmæti kvenfrelsisjónarmiða og efla konur til samstöðu og baráttu fyrir eigin hag og réttlætismálum. Með því að hlúa að neistanum, blása í glæðurnar og mata eldinn, getum við hver og ein kynt þá baráttuglóð sem fær konur til að standa saman. Þá er von til þess að fjöldasamstaða náist um sjálfsögð mál og þá verður líka minna mál fyrir konur að tengjast Kvinnalistanum. Þó þarf það ekki að vera úrslitaatriði.

Þegar ég sat aðalfund Kvenréttindafélagsins fyrir um það bil tveimur árum tók ég þátt í umræðum í vinnuhópi um launamál. Meðan ég hlustaði á umræður varð mér hugsað til þess hve brýnt það væri að Kvinnalistasakonur beittu sér í stéttarfélögum og tækju þátt í samningaviðræðum og kæmu sjónarmiðum sínum áleiðis á þeim vettvangi.

Draumurinn um húsið.

Önnur hugmynd sem mig langar til að minnst á er sprottin af nýfenginni reynslu minni. Síðustu þrjá mánuði sl. árs vann ég á skrifstofu Kvenréttindafélagsins á Hallveigarstöðum sem góðfúslega lánaði aðstöðu fyrir undirbúning að alþjóðlegri kvinnaráðstefnu sem fyrirhuguð er í júní á næsta ári. Úr skrifstofunni er innangengt um lítið eldhús í skrifstofur Kvenfélagasambandsins., tímaritsins Húsfreyjan og Leiðbeiningarstöðvar húsmæðra. Góð, dagleg samskipti ríkja milli kvennanna sem vinna þarna að málefnum í þágu kvenna og þær tóku mér vinsamlega, þannig að mér fannst ég velkomin í hópinn. Draumurinn um Hallveigarstaði sem Kvinnahús hefur ekki ræst. Þar er kviðfyllin Borgardómur sem leigir tvær neðstu hæðirnar, en konur hafa í raun ekki efni á því að eiga húsið og gera við það. Nú er

starfsemi undirbúningshóps kvennaráðstefnunnar flutt í Hlaðvarpann, en draumurinn um Hlaðvarpann hefur heldur ekki ræst nema að hluta. Þegar ég lít til allra þessara mörgu kvenna og kvennasamtaka sem vinna ósleitilega að hinum ýmsu hagsmunamálum kvenna og barna og reyndar samfélagsins alls, sviður mér sárt að þær skuli vera tvístraðar. Miklu verra þykir mér þó að þær skuli sýknt og heilagt vera í fjárhagsvanda og þurfa að ganga bónbjargarveg að körlunum og biðja þá um vasapeninga til reksturs þeirrar starfsemi sem oft er ekki síst körlunum einnig í hag. Þær safna fyrir Háskóla og þær safna fyrir Landspítala og mörgum fleiri þjóðþrifamálum en þurfa svo að ganga auðmjúkan beiningarveg til að kría út nokkrar krónur til eigin málefna, jafnvel til að mynda varnarskjöld um þær konur og börn sem sæta ofbeldi á heimilum sínum.

Mig dreymir um Kvennahús. Hús þar sem konur geta haft vinnuástöðu og samnýtt öll þau margvíslegu tæki sem þær vantar oft en nú eru talin sjálfsögð við skrifstofuhald. Þar væri jafnvel hægt að kaupa ákveðna þjónustu fyrir félagasamtök eða einstaklinga líkt og Hólmfríður Árnadóttir (Día) og Helga Sigrún önnuðust um tíma. Þetta mundi léttu kostnaði, fyrirhöfn og fjárhagsáhyggjum af konum en þarna gætu þær samnýtt aðstöðu og fengið tilefni til að hittast daglega. Þannig gætu konur kynnst og unnið saman, en haldið hverri þeirri sérstöðu sem þeim væri dýrmæt. Þær gætu verið sammála um að vera ósammála um viss atriði. Þó að erfitt geti reynst að kljást við pólitíska öfund milli kvenna úr ólíkum flokkum eru dagleg samskipti hins vegar til þess fallin að eyða tortryggni og auðvelda skilning og samstöðu.

Mig dreymir um fallett og notalegt hús með góðri matstofu þar sem holl og lystug fæða er fram borin daglega, eftirsótt matsala, þarf ekki að vera stór. Í nánnum tengslum við hana er svo bóksala, bókasafn, ef til vill listiðnaður af ýmsu tagi. Lifandi annríkishreiður, deigluþottur sem laðar að ólíkar konur sem kynnast innbyrðis. Ekki nýr draumur, heldur gamall draumur kvenna en engin kynslóð hefur verið betur búin til að láta hann rætast en okkar kynslóð.

Innri samskiptin, styrktarnetið

Fram að þessu hef ég fjallað mest um hin ytri samskipti eða ramma samskiptanna en innri samskiptin eru ekki síður mikilvæg. Ein af leiðunum til að efla samstöðu kvenna er að hlusta á og styðja aðrar konur til dáða, veita þeim af styrk okkar og við erum sterkar. Þó að talsvert skorti á jafnrétti okkar á ýmsum sviðum, benda flestar rannsóknir samt til þess að lífveran kona sé sterk vera. Fleiri konur lifa en karlar, allt frá fósturstigi til elliára.

Kvennalistinn hefur undanfarið fyrst og fremst miðað starf sitt við þátttöku í stjórnámálum, á Alþingi og í borgarstjórn. Mestöll orka okkar hefur beinst að þessari þátttöku en minna snúið að því að sinna okkur sjálfum. Ég tel mjög nauðsynlegt að við verðum óhræddari við að styðja hver aðra innan hreyfingar okkar þó að við rekum jafnframt málefnaþáttu. Það hefur verið talað um tengslanet kvenna í viðskiptalífi, en hvað með daglega lífið? Við erum flestar þannig settar að við erum aflögufærar. Við getum látið aðrar konur vita, til dæmis um lausar stöður sem við fáum vitneskju um en þær gætu haft áhuga á. Við gætum einnig almennt hugað að því sem kemur konum vel og vissulega gera konur þetta flestar oft. Upplýsingar eru stjórnþæki og það að miðla upplýsingum er að dreifa valdi. Við gætum þannig hugað að styrktarneti fyrir okkur sjálfar. Við gætum líka stofnað leshringi eða hópa um ýmis viðfangsefni okkur til eflingar og næringar, án þess að þeir eigi beint erindi við hina hefðbundnu pólitík. Við verðum líka að muna að huga vel að þeim konum sem við veljum í fulltrúahlutverk. Þegar verið er að biðja þær um að taka viðkomandi hlutverk að sér gengur hver undir annarrar hönd og ekkert til sparað. Þegar þær hins vegar hætta störfum skyndilega og án þess að vilja eins og gerðist við síðustu kosningar, verða miklar og í raun fyrirvaralitlar breytingar á högum þeirra. Þá er nauðsynlegt að hreyfingin sé vakandi fyrir þörfum kvenna og sinni þeim eftir bestu getu.

Konur hafa löngum hugað hver að annarri og mig langar að ljúka máli mínu í framhaldi af þessum síðustu orðum með tilvitnun í fundargerð 3. Landsfundar íslenskra kvenna sem haldinn var í Reykjavík 1930. Þar töluðu konur af mikilli andagift um kunnugleg málefni, sem virðast sum hver hafa þokast lítið, því miður, á sl. 60 árum. Sérstaklega langar mig að vitna til orða Sigurlínu Sigtryggisdóttur sem mælti fyrir hönd annarra fundarkvenna:

„Það er ein hugsun sem á ítak í hugum allra íslenskra kvenna. Þessi hugsun hefir tekið huga okkar fulltrúanna á þessum 3. landsfundi ísl. kvenna sterkum tókum, hún hefir talað í augum okkar þar sem við höfum mætt hver annari og hún hefir oft mint á sig á þessum fundi í sambandi við störf hans. Þessi hugsun finnur allstaðar bergmál í sálum íslenskra kvenna. Þessvegna stend ég hér til þess að bera fram hugsun, sem við eigum allar. Og þó hún verði fátæklega orðuð hjá mér er hún í eðli sínu heit og hjartanleg hjá okkur öllum.

Við konurnar erum, ef svo mætti að orði komast, annar vængur þessa þjóðfélags. Hann var lengi vel lamaður og gat ekki nema að litlu leyti hjálpað þjóðfélaginu til að hefja sig til flugs til sinna hugsjóna og framkvæmda til sannrar menningar. Hann, þessi lamaði vængur, hafði ekki frelsi til þess. Frelsi - við náum varla yfir það hugtak, við getum varla í fljótu bragði gert okkur grein fyrir því hvað það er mikill munur á að vera frjáls eða ófrjáls þó ekki sé nema að nokkru leyti. Allir þrá frelsi, allir leita þess ef þeir geta, og þá fyrst geta mennirnir verulega notað krafta sína þegar þeim er frjálst að reyna þá. - - - Það voru hlekkir vana og fáfræði, sem bundu okkur íslensku konurnar. Þeir bundu okkur svo fast að konur voru varla frjálsar að því að lesa og skrifa fyrir liðugum mannsaldri síðan.

En svo voru Íslendingar svo heppnir að eignast konu, sem hefir varið æfi sinni að miklu leyti til þess að brjóta hlekkina af öðrum væng þjóðfélagsins, treysta hann sem best og gera hann færnan um að bera þungar og margbrotnar skyldur. Þessvegna hefir hún, þessi mæta íslenska kona, unnið fyrir alt þjóðfélagið. Þetta er svo augljóst að eins og farfuglarnir fljúga best þegar vængir þeirra eru heilir, eins kemst þjóðfélagið best áfram með því að báðir vængir þess séu frjálsir. - - Þessvegna eigum við eina hugsun sameiginlega, og hún er þessi: Við erum í mikilli þakkarskuld við frú Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, sem varið hefir miklum hluta af starfskröftum sínum til þess að leysa böndin af ófrjálsa vængnum. Það eru því ekki einungis íslenskar konur, sem eru í þakkarskuld við hana, heldur öll þjóðin, enda þótt konur eigi henni mest að þakka. - - Það hefir æði oft brunnið við hjá okkur Íslendingum að við höfum fyrst kunnað að meta okkar bestu menn þegar þeir voru komnir í gröfina. Við konur óskum þess að þetta breytist og að þessi þjóð hafi víðsýni til þess að þakka þeim og heiðra þá meðan þeir eru ofanjarðar. Og nú á þessum 3. landsfundi ísl. kvenna viljum við allar kveðja frú Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, þessa góðu móður íslenska kvenfrelsisins, með því að gera þá sjálfsögðu skyldu okkar að reyna að koma því til leiðar að þjóðin öll sýni henni verðuga viðurkenningu fyrir vel unnið æfistarf, og með leyfi forseta ber ég hér upp tillögu, sem hljóðar þannig: „3. Landsfundur ísl. kvenna skorar eindregið á þing og stjórn að veita frú Bríeti Bjarnhéðinsdóttur álitlegan lífeyri sem viðurkenningu fyrir margþætt og vel unnið æfistarf í þágu þjóðfélagsins.“

Frú Bríet þakkaði innilega þá miklu velvild sem kæmi fram í þessari tillögu. Hún kvaðst ekki eiga þetta skilið, því hún hefði af mörgum ástæðum hvorki unnið svo mikið sem sig hefði langað til og því síður svo mikið sem þörf hefði verið á. Hún kvaðst og komast af án styrkjarins og ekki þurfa hann þeirra hluta vegna.

Frú Sigurlína kvað þenna lífeyri eiga að vera viðurkenningu þjóðarinnar á starfi frú Bríetar, það væri heiðursviðurkenning en ekki styrkur sem henni væri veittur sakir efnaskorts. - Tóku fundarkonur hver af annari undir þetta og var svo tillagan borin upp og samþykkt í einu hljóði af öllum þeim fundarkonum sem á fundinum voru."

(Að lokum má geta þess að 32 konur skráðu þau félög sem þær eiga aðild að og fyrst komu upp í hugann. Listinn er því alls ekki tæmandi. Fjöldi félaganna reyndist þó yfir eitt hundrað og gefur það hugmynd um hve mörg tækifæri við höfum til að ná til annarra kvenna. - Gangi ykkur vel!).